

SAMÞYKKT

um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Samþykkt þessi er sett með vísan til laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sbr. ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Einnig er tekið mið af svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020.

Markmið samþykktarinnar er að mynda jafnvægi á kostnaði og gjaldtöku við sorphreinsun og sorphirðun ásamt því að draga úr myndun og urðun úrgangs og auka endurvinnslu og endurnýtingu eins og unnt er.

Samþykktin gildir um meðhöndlun úrgangs sem til fellur í Flóahreppi.

2. gr.

Skipulag og meðferð úrgangs.

Almennur heimilisúrgangur verður sóttur til íbúa og rekstraraðila á tveggja vikna fresti. Íbúum ber skylda til að nota ílát undir heimilisúrgang sem samþykkt eru af sorphirðuverktaka. Hægt er að velja um þrjár gerðir íláta, 240 lítra, 660 lítra og 1.100 lítra og fer gjaldskrá sorphirðu eftir stærð íláta. Sorphirðuverktaki sér um að selja sorphílát til þeirra íbúa sem ekki hafa samþykkt sorphílát og koma þeim á staðinn. Ef þörf er á stærri ílátum en að ofan greinir má leita til sorphirðufyrirtækis um þá þjónustu.

Gámar fyrir almennan heimilisúrgang úr sumarbústöðum verða staðsettir á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu.

Íbúar eru hvattir til að flokka lífrænan úrgang og jarðgera hann og verður veittur styrkur til kaupa á moltugerðarlátum.

Gámar fyrir timbur og járn verða staðsettir við Félagslund og við Kjöttmjölsverksmiðjuna.

Gámasvæði Árborgar tekur við spilliefnum.

Garðaúrgang ber að meðhöndla á upprunastað og jarðgera hann eða nýta til landgræðslu.

Heyrúlluplast verður sótt til þeirra íbúa sveitarfélagsins sem þess óska á tveggja mánaða fresti. Plastinu þarf að safna og ganga frá því eins og söfnunaraðili gerir kröfu um. Þeir aðilar sem skila plasti þannig að það hæfir ekki til endurvinnslu, geta safnað því saman og látið sækja það til urðunar enda greiði þeir fyrir það samkvæmt gjaldskrá. Óheimilt er að setja heyrúlluplast í gáma fyrir flokkaðan úrgang.

Almennt gildir að íbúum ber að aðgreina úrgang og flokka eftir fremsta megni.

3. gr.

Skyldur íbúa og landeigenda.

Notendum þjónustunnar ber að fara eftir þeim reglum sem sveitarfélagið setur um úrgang:

1. Setja allan úrgang í viðeigandi ílát að öðrum kosti er sorphirðuverktaka heimilt að skilja hann eftir.
2. Úrgang sem samþykktin nær til má einungis meðhöndla í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins.

3. Brennsla á úrgangi er ekki heimil. Undantekningar eru brennur tengdar hátíðarhöldum hvers konar sem viðeigandi leyfi hafa fengist til.
4. Flokkaður úrgangur skal þannig meðhöndlaður að hann blandist ekki öðrum úrgangsflokkum
5. Flokkaðan úrgang skal geyma þannig að gæði hans við væntanlega endurnýtingu skerðist ekki, s.s vegna vatns eða vinds.
6. Úrgangur sem getur fokið skal geyma þannig að hann fjúki ekki.
7. Meðhöndlun á úrgangi má ekki valda lyktaróþægindum, draga til sín meindýr eða valda hreinlætisvandamáli.
8. Íbúar skulu sjá til þess að gott aðgengi sé að sorpílátum og moka snjó frá ílátum er þörf krefur.
9. Íbúar skulu þrifa sorpílát reglulega og halda þeim við.

4. gr.

Eftirlit.

Sveitarfélagið ræður verktaka til að annast sorphirðu og skal hann hafa starfsleyfi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Hefur hann eftirlit með verkefninu ásamt sveitarfélaginu og heilbrigðisnefnd Suðurlands.

5. gr.

Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs.

Sveitarstjórn skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarstjórn heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Heimilt er að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorpílláta eða þjónustustig. Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðal raunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei hærri en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, lögbýli, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 22. febrúar 2007.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.